


ÁRNI SNÆBJÖRNSSON
HLUNNINDARÁÐUNAUTUR BÍ

HIRÐING OG MEÐFERÐ ÆÐARDÚNS FYRIR HREINSUN

REYKJAVÍK 1992

PRENTSMÍÐJAN GUTENBERG HF.

Sérprentun úr FREY, 88. árg. nr. 9, 1992.



Frá varpinu á Sævarenda í Loðmundarfirði. Ljós. Árni Snæbjörnsson.

Inngangur.


Íslenskur æðarbúskapur byggist öðru fremur á natni og rétttri umgengni við æðarfuglinn, ásamt aðhlynningu og vernd sem maðurinn getur veitt honum. Æðardúnn er verðmæt og eftirsótt verslunarvara, og því sækjast menn effir að fá sem mestan og bestan dún, jafnframt því að hlú að fuglinum. Með þetta markmið í huga hafa þróast upp vinnubrögð, sem reynslan hefur kennt mönnum að koma bæði æðarfuglinum og bóndanum vel. Í eftirfarandi grein verður reynt að víkja í örfáum orðum nánar að þeim atriðum.

Undirbúningur varps.

Viðast hvar fer æðarfuglinn að sækja að varplandinu um mánaðarmótin apríl/mái. Hann er þá í víkum, vogum eða meðfram ströndinni í nokkurn tíma, en fer í eftirlits- og kynnisferðir um tilvon-

andi varpland, fyrst á flugi en síðan líka gangandi ef allt er í lagi. Að kynnisferðunum loknum hefur fuglinn fyrsta undirbúning. Áður en hann fer að sækja að varplandinu þarf öllum undirbúningi mannsins að vera lokið, þ.e. að


setja upp veifur og flögg eða annað skraut eða þá að útbúa ný hreiður eða skjól (jafnvel hús) fyrir hann að leita í. Eins er ágætt á þeim tíma, að koma fyrir gömlu heyi (ómygluðu) í hreidurstæðin eða koma því fyrir þar sem kollan getur



Arni Snæbjörnsson.

sótt í það og sett í hreiðurstæði sitt þegar hún fer að undirbúa varp. Gott getur verið að setja dálitla heytuggu í nágrenni hreiðranna og smástein ofan á svo heyið fjúki ekki. Þar sem mikið er um grýtt land og mela, hafa ýmsir af því góða reynslu að sparka úr heyböggum á við og dreif, æðarfuglinn sækir oft í að gera hreiður í slíkum bing. Tilgangurinn með því að setja hey í hreiðurbotninn er, að það veitir eggjunum aukna einangrun gegn kulda og vætu og ver auk þess dúninn gegn jarðraka. Þá er hey eða sina það aðskotaefni sem einna auðveldast er að ná úr við hreinsun. Einnig kemur heyið í veg fyrir að dúnninn komist í snertingu við önnur aðskotaefni sem ennþá verra er að ná úr. Agnir úr t.d. lyngi og mosa geta verið afar erfiðar við hreinsun dúnsins, þræðir hans vefjast utan um þær og við það myndast smá kögglar og hnökrar, sem hreinsunarvélarnar ráða illa eða ekki við. Í landi þar sem mosi er mikill hafa menn jafnvel gripið til þess ráðs að bera tilbúinn áburð á landið til þess að auka grasvöxt og þar með að yfirgnæfa mosann. Þetta hefur einkum verið gert ef illa hefur gengið að koma heyi í hreiðrin fyrir eða í upphafi varps. Afar mikilvægt er að nota algjörlega ómyglað og ryk-

laust hey því að myglusveppir úr heyi geta líklega valdið dauða unganna þegar þeir skriða úr egg. Yfirleitt taka kollur því afar vel að fá hey í hreiðurbotninn, það sparar þeim erfiði og fyrirhöfn við að ná í eitthvert laust efni, því að dúnninn fer ekki að losna af þeim fyrr en þær fara að liggja á, en eins og kunnugt er liggja kollurnar ekki á fyrr en nokkur egg eru komin í hreiðrið. Á meðan hylja þær eggin í því efni sem þær hafa tínt í hreiðrin og þá kemur heyið sér vel eins og fyrr segir. Dúnninn losnar sjálfkrafa af kollunni þegar áseta hefst,



Hér hafa verið gerð skjólgóð hreiðurstæði og hey sett í botninn. Æðarfuglinn ræðaði sér í þetta undireins á fyrsta ári. Ljóm. A.S.


það er einungis málvenja að segja að hún „reyti“ sig. Dúnninn kemur út á milli brjóstfjaðranna, en kollan strýkur hnoðrana með nefinu niður í hreiðrið og hagræðir þeim undir og í kring um eggin, en hefur dúninn jafnframt að mestu ofan á því lausa efni (hey o.fl.), sem notað var í upphafi varptímans. Undirlagið gegnir því mikilvægu hlutverki eins og fyrr segir.

Hirðing dúnsins.

Til þess að ná sem bestri dúnnýtingu, án þess að taka áhættu varðandi útungunina, hefur löng reynsla kennt ákveðin vinnubrögð, að vísu dálítið mismunandi eftir landshlutum. En á það skal minnt að aðstæður á hverjum stað hljóta alltaf að ráða verulega hvernig að er staðið. Fyrst verður rætt um þá aðferð sem lengst af

hefur verið notuð á nokkrum helstu dúnsvæðum landsins og helst þykir ástæða til að mæla með.

Fyrst eftir að fuglinn sest upp ætti að vera sem allra minnst umferð um varplandið, enda öllum undirbúningi þá löngu lokið. Þó er sjálfsagt að fylgjast með varplandinu úr fjarska eftir því sem tók eru á. Þegar meginhluti fuglsins er fullorpin og kominn er verulegur hluti þess dúns sem á annað borð losnar af fuglinum, má fara að huga að dúntínslu (fara í leitir). Gengið er skipulega um landið þannig að sem minnst ónæði skap-



Hér hefur verið dreift úr heybagga efst í fjöruborði. Ef vel prentast, má sjá 8 hreiður á þessum bletti. Kollurnar voru fljótar að nýta sér þessar aðstæður. Ljóm. A.S.

ist. Forðast þarf allan óþarfa hávaða og dvelja ekki lengur í varpinu en nauðsyn krefur. Ef gætilega er að farið fer kollan aðeins nokkurn spöl í burtu og kemur fljótt á aftur. En gætileg umgengni og umhirda um varplandið hænir fuglinn að og veitir honum vernd.

Hreiðrin eru meðhöndluð á eftirfarandi hátt: Eggin eru tekin úr hreiðrinu og skyggnd, eftir að drit kollunnar hefur verið þurrkað vandlega af þeim. Ef um kaldegg er að ræða, þarf að fjarlægja þau. Ef öll eggin í hreiðrinu eru kaldegg, þarf að láta kolluna fá önnur í staðinn. Dúninum er lyft úr hreiðrinu til að aðgæta hvort þurrt sé undir. Ef einhver bleyta er í hreiðurbotninum, þarf að fjarlægja það efni (dún, hey, þang o.fl.) og setja þurra sinu eða hey í staðinn. Blauta dúninn skal taka heim og þurrka strax, ásamt því að taka

dálítið af besta dúninum. Ganga þarf þannig frá hreiðri, að nóg sé af dúni undir og kringum egginn og hagræða og breiða vel ofan á þau, því að ekki er tekinn meiri dúnn í einu en svo að nóg sé eftir til að umlykja öll egginn með dúni. Mjög er misjafnt hversu mikið má taka úr hverju hreiðri, því að bæði eru egginn mismörg og svo er eitthvað misjafnt hversu mikill dúnn fellur til. Þarna ráða aðstæður hverju sinni. Umgengni, sem hér hefur verið lýst (leitum) þarf að endurtaka 2-4 sinnum, þó láta margir tvær leitir nægja núorðið, sérstaklega þar sem yfirferð er mikil. Þar sem aðeins er farið í tvær leitir er víða miðað við að fara í fyrri leitina dálitlu áður en fyrstu kollurnar fara að leiða út og þá tekinn um eða yfir helmingur dúnsins. Seinni leitin – hroðaleit – er svo farin þegar mestur hluti kollanna hefur leitt út, þ.e. yfirgefið hreiðrin og farið með ungana til sjávar, en þá er tekið það sem eftir er af dúninum í hverju hreiðri. Hvort sem farið er í tvær leitir eða oftár, þá er sjálfsagt að taka besta búninn fyrst og halda honum sér.

Sumir hafa þann hátt á að taka engan dún fyrr en ungarnir eru farnir úr hreiðrinu. Með þessu lagi verður lakari dúnnýting. Æskilegt verður að teljast að fara undir koll-

urnar einu sinni eða oftár á meðan þær liggja á og setja þurr undir, skyggna egginn og taka eitthvað af dúni. Í þéttum og aðgengilegum vörpum fara menn jafnvel daglega um og fylgjast með og taka útleiðslurnar jafn óðum. Fuglinn venst þessu fljótt, verður spakur og fer lítt af.


Sá siður að taka allan dún úr hverju hreiðri um eða rétt eftir miðjan varptíma og setja hey eða sinu í staðinn, hefur eitthvað færst í vöxt á seinni árum. Þannig fæst að vísu bestur dúnn, því að ekki bíður dúnninn sér til bóta í hreiðrinu. Eins og flest varðandi dúnnýttjar getur þarna skipt verulegu máli hvernig að þessu er staðið og hversu snemma á tímabilinu dúnninn er tekinn. Heldur sýnist þetta þó harkaleg aðferð og verður ekki mælt með henni hér. Helst kemur þetta þó til greina í hreiðrum sem erfitt er að finna aftur eða eiga á hættu að skemmast, t.d. flæða upp. Þær heimildir sem tiltekar eru og fjalla á annað borð um þessa aðferð, mæla gegn henni. Auk þess má benda á að í augum t.d. dúnkaupenda erlendis gæti þetta litið út sem rányrkja og að of nærri fuglinum sé gengið. Því hefur verið haldið fram, að óhætt sé að taka allan dúninn snemma úr hreiðrinu vegna þess að hann losni

fyrst og fremst af kollunni til þess að varmi frá henni komist betur að eggjunum. Hér er auðvitað um einhvern misskilning að ræða. Hið rétta í málinu er hins vegar það, að losun dúnsins gegnir þarna tvíþættu hlutverki. Annars vegar verður það eitthvað auðveldara að koma varma að eggjunum eftir að dúnninn er farinn af kollunni, en varma til eggjanna kemur kollan á þann hátt að leggja brjóstfjaðrirnar til hliðar og ná snertingu við egginn, dúnninn er þá ekki þarna sem einangrandi lag á milli. Hins vegar gegnir losun dúns frá fuglinum ekki síður því hlutverki, að vera framlag kollunnar til að auðvelda að það haldist varmi á svo mörgum og stórum eggjum í rysjóttu loftslagi norðlægra landa, með því að einangra þau frá kulda í botni hreiðurs og til hliðanna. Þá má leiða sterkar líkur til þess að dúnn í hreiðri gegni líka hlutverki í því að draga úr varmatapi frá kollunni sjálfri, en meðan að hún liggur á étur hún ekkert og léttist því um allt að 45% (samkvæmt erlendum rannsóknum). Að taka allan dún á útungunartímanum eykur því á orkutap hennar og gæti skipt sköpum um hvort hún endist til að liggja á til enda ef eitthvað bjátar á með veður. Samkvæmt breskri rannsókn á dauða æðarfugls, þá verður nærri helmingur árlegs fugladauda (fullorðnar kollur) í júní og júlí eftir að útungun er lokið. Þetta undirstrikar það hversu viðkvæmur fuglinn er á þessum tíma.

Hvaða aðferð sem viðhöfð er, þá skal þess ávallt gætt að leita aldrei í rigningu eða þegar blautt er á. Eins er mjög erfitt að leita ef hvasst er, þá er hættu á að dúnn fjúki. Þá ber að forðast að styggja fugl af í miklum kuldaköstum.


Meðferð dúnsins.

Alla meðferð æðardúnsins þarf að vanda. Æðardúnn, sem liggur blautur í hreiðri eða í geymslu, fúnar og skemmist og tapar bestu




Sólþurrkun æðardúns á skjólgóðum stað. Strigi er breiddur undir. Takið eftir grindinni á miðri mynd sem notuð er til að hrista dúninn á. Ljósm. Magnús Sigsteinsson.

eiginleikum sínum. Best er að tína dúnninn í léreftspoka, strigapoka eða í aðra poka sem vel loftar í gegnum, ekki nota plastpoka. Allan dún skal þurrka strax og heim er komið, aldrei má geyma blautan eða rakan dún í poka. Gæta þarf þess að blanda aldrei saman góðum dún og lélegum og ávallt skal senda dúnninn þannig aðskilinn (flokkaðan) til hreinsunar. Ef dúnn kemur flokkaður til hreinsunar þarf mun minni vélameðferð á góða dúnninn, en alltaf er hætt við að dúnn sem þarf langa vélhreinsun slitni, rýrni og verði sundurlausari og þá um leið líklegri til að endast verr. Varðandi flokkun dúnsins þá er eflaust best að gera það um leið og hann er látinn í poka í varplandinu (nota þá tvo poka undir dún). Víða eru þó aðstæður þannig að þetta verður of mikil fyrirhöfn og tímafrekt. Flokkunina má því allt eins framkvæma þegar heim er komið og nýta til þess útihús eða tilfallandi húsnæði. Best er að koma upp vinnuborði í þægilegri hæð og flokka í tvo flokka, þannig að hreinasti og besti dúnninn verði í öðrum, en allt sem lakara er í hinum. Þessum aðskilnaði er svo haldið a.m.k. fram yfir hreinsun. Þó að í sölu sé dúnn aðeins flokkaður í söluhæfan og ósöluhæfan, þá er tilgangur flokkunarinnar hjá bændum tvíþættur: a) að losa allan betri hluta dúnsins við einhverja vélameðferð (styttri tími í vélum), b) að fjaðurtínslan verður auðveldari ef þannig er staðið að málum. Í heild leiðir þetta væntanlega því til betri vöru við sölu. Dún má þurrka með því að breiða hann á plastdúk, segl eða járnplötur úti undir beru lofti á móti sól í góðu skjóli. Þá eru dæmi þess að menn noti hallalítil bárujárnsþök (t.d. fjárhúsa) sem snúa á móti suðri til þess að þurrka dún, ef svo háttar til að auðvelt er að komast upp á þökin. Kosturinn við þessa aðferð er sá að hiti sólarinnar nýtist afar vel, heitt járníð gefur hita neðanfrá og talsverð loftun er undir dúnninn á bárujárn-



Gísli heitinn Vagnsson, fyrrum bóndi á Mýrum í Dýrafirði, við dúnþurrkun og snýr dúnninum með kvísl. Ljós. Einar Gíslason.



Fólk á öllum aldri getur hrist rusl út dúni og aðstoðað við þurrkun og hreinsun. Myndin er frá Mýrum í Dýrafirði. Ljós. Einar Gíslason.

inu. Við útiþurrkun eru þeir þó líklega fáir sem geta notað þessa aðferð. Kosturinn við að þurrka dún á plast- eða segldúk er hins vegar sá, að snögglega er hægt að hrúga dúnninum saman og breiða hluta dúksins yfir ef skyndilega hvessir. Gæta þarf þess að snúa dúnninum oft og reglulega og hrista úr honum grófasta ruslið svo sem þang, lyng, spotta, eggjaskurn o.fl., ásamt því að greiða vel í sundur hreiðurbotna og klessur.


Sérstaklega þarf að gæta þess að snúa dúnninum oft ef sterkt sólskin er, því að annars er hætt á að hann upplýsist, þ.e. fái móleitan blæ, en til þess að dúnninn sé góð verslunarvara þarf hann að halda sínum blágráleita lit. Við þurrkun á miklu magni getur verið þægilegt að nota kvísl til að hreyfa dúnninn og má þá um leið hrista talsvert rusl úr. Ef ekki er unnt að þurrka dúnninn úti, má ná viðunandi árangri í upphit-uðu herbergi. Þá hafa margir not-

að fjárhúsgrindur og breiða á striga ofan á þær. En vel þarf að gæta þess að mokað hafi verið undan þeim og að vel lofti um húsið. Ef einhver vafi leikur á því hvort raki eða lykt geti borist í dún sem þurrkaður er á fjárhúsgrindum, þá er rétt að forðast fjárhúsgrindurnar, eða að minnsta kosti nota plastdúk ofan á þær til að rakt loft eða ólykt berist ekki í dúninn úr kjallaranum. Til hagræðingar má gera sérstakar hillur fyrir dúninn, þar sem notað er hænsnanet eða annað sambærilegt í botn þeirra. Hillur þessar má síðan bera út þeg-

er notuð grind eða net (hænsnanet, plasthúðað vírnet eða annað sambærilegt) og því komið fyrir í hæfilegri vinnuhæð (80-100 cm), t.d. þvert yfir fjárhúskró. Tekin er allstór dúnvisk og hún hnoðuð og þæfð á grindinni til að mylja og smækka ruslið, sem þá hrynur auðveldlega úr, ef dúninn er tekinn upp og barinn á milli handanna. Um leið og hrist er upp á þennan hátt má þreifa á dúninum og þá finna og tína úr hluti sem ekki næst að hrista úr og geta orðið til óþurrftar við vélhreinsunina. Hér er átt við steinvölur, tuskur, ullar-

vægt atriði til þess að halda eiginleikum dúnins óskemmdum í gegnum vélhreinsunina. Að þurrkun og/eda upphristingu lokinni má geyma dúninn í pokum (jafnvel plastpoka), en gæta þarf þess að troða ekki of fast í pokana og á það við bæði um þurran dún og nýttindan. Gæta þarf þess að þurrka og geyma dún aldrei þar sem hætta er á að hann taki í sig lykt eða að smá lífverur komist í dúninn.

Peir fjölmörgu sem núorðið taka dún til hreinsunar verða við og við fyrir því, að dúninn sem á að hreinsa kemur illa hirtur og jafnvel skemmdur frá dúnbónda. Dúnhreinsunin er vandasamt verk sem gerir miklar kröfur til þeirra sem við hana fást. Hins vegar nær hreinsunin aldrei að bæta upp illa meðferð dúnins, jafnvel getur slæmur dúninn verið illhreinsanlegur. En þótt langflestir meðhöndli dún sinn óaðfinnanlega og skili fyrsta flokks vöru eru því miður alltaf einhverjir sem þyrftu að bæta meðferð dúnins verulega.



Dún þurrkaður inni á þar til gerðum grindum. Birta og hiti kemur í gegnum glærar plastplötur í lofti. Ljóm. Arni Snæbjörnsson.

ar góður þurrkur er. Þá færast í vöxt að menn noti dúnþurrkara til að þurrka dúninn strax að tínslu lokinni og þurrka þá við vægari hita heldur en gert er fyrir loka-hreinsun.

Til þess að sem bestur árangur náist við að vélhreinsa dún, án þess að hann skemmist, er nauðsynlegt að ná öllu stærsta ruslinu og aðskotahlutum úr, áður en til vélhreinsunar kemur. Þetta verk er sums staðar kallað „að hrista upp dúninn“ og er ekki mjög mikil vinna ef rétt er að staðið (sparar vinnu á síðari stigum). Best er að taka dúninn skarppurran strax við eða að lokinni þurrkun. Við verkið

lagða, spotta, plastdruslur, stærstu fjaðrir, klepra og klessur sem stafa af blautum dún eða óhreindum í hreiðurbotnum, brotnum eggjum o.fl. Ef það rusl og aðskotahlutir sem hér er lýst fer í vélarnar, þá tættist það saman við dúninn án þess að fara úr nema að litlu leiti og menn freistast til að láta vélarnar ganga á þessu of lengi og slíta þá dúninn að óþörfu. Hins vegar er óþarfi að leggja of mikla vinnu í að ná því rusli sem vélarnar auðveldlega ráða við. Segja má að við upphristinguna fari bæði úr rusl sem þá sparar vélameðferð og ekki síður rusl sem vélarnar ná alls ekki úr. Þessi verkþáttur er því mikil-

Gæðamat.

Með lögum um gæðamat á æðardúni frá 1970 og erindisbréfi til matsmanna frá 1972 varð mikil breyting til batnaðar varðandi kröfur þar sem gerðar eru til æðardúnss sem verslunarvöru. Þótt núgildandi reglur taki e.t.v. ekki til allra þeirra þátta sem núorðið þarf að líta til, má telja víst að reglur þessar hafa gert það kleift að tryggja viss vörugæði, ásamt því að taka tillit til kröfugerðar kaupenda. Eðlilegt má telja að reglur sem þessar þarfnist endurskoðunar með vissu millibili og verða þau mál vafalaust tekin fyrir á réttum vettvangi. En væntanlega er öllum ljóst að ef verð og eftirspurn á að haldast verður að tryggja gæði vörunnar.

Lokaorð.

Vandvirkni í meðferð æðardúnss, ásamt nærgætinni umgengni um

varplöndin, hafa ávallt verið kjör-
orð íslenskra æðarbænda og verða
vonandi áfram. Menn ættu að
leggja metnað sinn í að matsmaður
þurfi ekki að dæma dún þeirra
óhæfan til útflutnings, eins og þó
kemur einstaka sinnum fyrir.

Helstu heimildir:

Árni Snæbjörnsson, 1982: Æðarrækt.
Bændaskólinn á Hvanneyri, 37 bls.
Eysteinn G. Gíslason, 1984: Æðarvarp
og dúntekja. Búnaðarfélag Íslands.
Fræðslurit nr. 5, 56 bls.
Eysteinn G. Gíslason, 1991: Persónuleg-
ar upplýsingar.
Gísli Vagnsson o.fl. 1979: Leiðbeiningar

í æðarrækt. Æðarræktarfélag Íslands,
3 bls.

Robin W. Doughty, 1979: Eider Hus-
bandry In the North Atlantic: Trends
and Prospects. Polar Record, Vol 19,
Nr. 122, P 447-459.

Þrymur Sveinsson, 1991: Meðferð og mat
æðardúns. Freyr nr. 5, bls 190-191.